



Kennsluáætlun fyrir haustönn 2022

Námsgrein: Íslenska

Árgangur: 4. bekkur

Kennari: Unnur Magnúsdóttir

Netfang: unnum@klastur.is

Almennt:

Hæfniviðmiðin í íslensku eru í fjórum flokkum, talað mál, hlustun og áhorf, lestur, ritun og málfræði. Mikilvægt er að samþætta íslenskukennslu við aðrar námsgreinar. Nemendur þurfa að skilja að íslenskukennsla er ein heild og tengist öllum námsgreinum. Málfræðikennslan má ekki vera einangrað fyrirbæri heldur þarf hún að vera virk í öllum texta og töluðu máli. Markviss samþætting er í íslensku og samfélagsfræði. Innlagnir eru að einhverjuleyti einstaklingsmiðaðar.

Helstu markmið:

Að nemendur auki skilning sinn og færni á íslenskri tungu. Geti beitt áheyrilegum framburði, tjáð sig með skýrum hætti, samið texta frá eigin brjósti og skrifað rétt, skýrt og læsilega.

Hlekkur á aðalnámskra https:

[Aðalnámskrá Grunnskóla \(adalnamskra.is\)](https://adalnamskra.is)

Námsgögn: Lesrún, Lesrún 2, Mál til komið, Orð og setningar, aukabækur, ljóð, Skrift 4 og ljósrituð lesskilnings, stafsetningar og bókmenntaverkefni. Spil og leikir verða einnig notuð við kennsluna.

Tímabil	Verkefni	Kennsluaðferðir	Tenging við lykilhæfni og hæfniviðmið
Haustönn			
Ágúst	Stór stafur-lítill stafur Ljóð Heiðlóarkvæði bls.27	Lesi fyrir kennara. Semja texta frá eigin brjósti.	Talað mál, hlustun og áhorf Beitt skýrum og áheyrilegum framburði. Tjáð sig með aðstoð leikrænnar tjáningar frammi fyrir hópi og staðið fyrir máli sínu.
September	Setningar, málsgreinar Ljóð Smaladrengurinn bls 29 Nú haustar að bls 50	Lesi- segja frá eigin reynslu. Æfa sig að standa og tjá sig í ræðupólti.	Sagt frá eftirminnilegum atburði og lýst ákveðnu fyrirbæri, endursagt efni sem hlustað hefur verið á eða lesið.
Nóvember	Endursögn Ljóð Vetri hallar bls. 40 Tvær vísur bls. 126-131	Endursegja textann. Hlusta með athygli.	Átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi.
Desember	Lesi upphátt fyrir allan bekkinn	Hljóðlestur og heimalestur.	

<p>Vorönn</p> <p>Janúar</p> <p>Febrúar</p> <p>Mars</p> <p>Apríl</p> <p>Maí</p>	<p>Ljóð Það á að gefa börnum brauð bls. 122 Jólin koma bls. 117</p>	<p>Læra að umgangast bókasafnið.</p> <p>Velja bækur eftir getu og áhugasviði.</p> <p>Sögustund í stofu.</p> <p>Heimildarvinna.</p>	<p>Lestur og bókmenntir Beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig að lestur verði lipur og skýr</p> <p>Valið sér lesefni eftir áhuga og þörf og lesið sögur, ljóð og fræðandi efni, sem hæfir lestrargetu, sér til ánægju og skilnings.</p> <p>Lesið ævintýri, sögur og ljóð ætluð börnum.</p> <p>Beitt hugtökum eins og persónu, söguþræði, umhverfi og boðskap.</p> <p>Aflað sér upplýsinga úr ýmsum tiltækum gagnabrunnum, svo sem bókum og á rafrænu formi.</p> <p>Lesið úr tákmyndum og myndrænu efni, svo sem einföldum skýringarmyndum, kortum og myndritum.</p> <p>Valið bók eða annað lesefni og lesið sér til ánægju.</p> <p>Ritun Dregið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega.</p> <p>Samið texta frá eigin brjósti, svo sem sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð.</p> <p>Beitt einföldum stafsetningarreglum og notað tiltæk hjálpargögn við hæfi</p> <p>Nýtt sér fyrirmyndir í ritun, svo sem af lestri bóka, blaða eða rafræns efnis.</p>
--	---	--	--

			<p>Skrifað texta á tölvu og beitt einföldustu aðgerðum í ritvinnslu.</p> <p>Málfræði Þekkt og fundið helstu einingar málsins, svo sem bókstafi, hljóð, orð, samsett orð og málsgrein.</p> <p>Raðað í stafrófsröð og gert sér grein fyrir notagildi þess við leit og skipulag.</p> <p>Gert sér grein fyrir mismunandi hlutverki nafnorða, lýsingarorða og sagnorða,</p> <p>Leikið sér með ýmis einkenni tungumálsins, svo sem margræðni orða og fundið kyn og tölu,</p> <p>Greint mun á samnöfnum og sérnöfnum og m.a. bent á þau í eigin texta,</p>
--	--	--	--

Námsmat:

Leiðsagnarmat á verkefnum með endurgjöf. Verkefni eru sett fram í samhengi við ákveðna lykilhæfni sem stefnt er að. Lesfimiþróf verða löggð fyrir þrisvar yfir árið.

Þessi kennsluáætlun er birt með fyrirvara um breytingar.